



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
bt. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2020

2012003SA KB/bg
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 18. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál. Umsögn þessi er unnin í samstarfi sambandsins og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um heimild til að úthluta opinberlega vannýttum lífmassa sem verði forsenda umsóknar um nýtt eða endurskoðað rekstrarleyfi í firði eða á hafsvæði þar sem fiskeldi er þegar stundað. Fram kemur í mati á áhrifum að verði frumvarpið að lögum geti það leitt til tekjuaukningar fyrir ríkissjóð, bæði vegna almennra fyrirmæla laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019, og vegna greiðslu samkvæmt útboði.

Sambandið ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga vilja ítreka fyrri kröfu um hlutdeild í tekjum hins opinbera af nýtingu sameiginlegra auðlinda. Það er með öllu óásættanlegt að hluti gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó renni ekki beint til viðkomandi sveitarfélaga heldur fari allt gjaldið í ríkissjóð og sveitarfélög geti síðan sótt um styrki úr fiskeldissjóði. Slík aðferðafræði ýtir undir samkeppni milli sveitarfélaga og gerir þeim ókleift að skipuleggja uppbyggingu innviða til lengri tíma. Sjálfsagt og eðlilegt er að hluti auðlindaarðs renni til viðkomandi sveitarfélaga til uppbyggingar innviða á þeim svæðum sem nýtast við uppbyggingu fiskeldis. Meðfylgjandi er umsögn sambandsins og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 1. mars 2019 þar sem nánar er farið yfir mikilvægi þess að sveitarfélög fái beina hlutdeild í tekjum af fiskeldi.

Er það því skýr krafa sambandsins og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga að lögunum sé breytt og stjórnvöld tryggi sveitarfélögum hlutdeild í þeim tekjum sem hið opinbera fær af nýtingu sameiginlegra auðlinda landsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri